

Aðalfundur Foreldrafélags Flúðaskóla

Haldinn í Flúðaskóla mánudaginn 8. október 2018 kl. 20:00

Mættir:

Stjórn félagsins: Valný Guðmundsdóttir, Sigríður Björk Marínósdóttir og Karl Hallgrímsson; Jóhanna Lilja Arnaróttir, skólastjóri; Sigfríð Lárusdóttir, Jóhanna Bríet Helgadóttir, Silke Leyk, Fríður Sæmundsdóttir, Heiða Snorradóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kristín Erla Ingimarsdóttir.

Fundarstjóri: Fundurinn velur Sigríði Björk til að stýra fundi.

Fundarritari: Karl ritari stjórnar skráir fundargerð.

1. Skýrsla stjórnar: Valný formaður flytur skýrslu stjórnar. Fer yfir starf liðins árs. Þar ber hæst umsjón með foreldragæslunni í félagsmiðstöðinni Zero og skemmtun fyrir nemendur á öskudaginn. Þakkar hún fyrirtækjunum Samkaupum/Strax og Pizzavagninum fyrir stuðning við öskudagsskemmtunina. Engar athugasemdir gerðar við skýrslu stjórnar.
2. Fjárhagsreikningur: Sigríður Björk gjaldkeri leggur fram efnahagsreikninginn. Reikningurinn samþykktur.
3. Kosningar:
 - a. Til stjórnar: Valný og Sigríður Björk ganga úr stjórn. Karl situr áfram, enda kjörinn til tveggja ára á síðasta fundi. Kjör nýrra fulltrúa: Framboð hafði borist frá Lilju Helgadóttur og Hauki Vatnar Viðarssyni. Þau kjörin til tveggja ára.
 - b. Kosning varamanna í stjórn: Silke Leyk kjörin til þess til tveggja ára. Vilberg Tryggvason sömuleiðis, en hann hafði tilkynnt framboð sitt áður.
 - c. Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð. Kjósa þarf einn fulltrúa í skólaráð til tveggja ára: Framboð kom frá Elínu Hannibalsdóttur. Framboð hennar samþykkt.
4. Önnur mál:
 - a. Ávarp skólastjóra Jóhanna Lilja Arnaróttir: Jóhanna þakkar stjórninni fyrir hennar starf og hvetur áfram til góðs samstarfs. Hvetur fundarmenn til að vinna saman að góðum málum eða hafa áhrif á skólastarfið.
 - b. Fundarfólk varpar fram þeirri hugmynd að á aðalfundi verði boðið upp á fyrirlestur eða meiri dagskrá en bara hefðbundin aðalfundarstörf í þeim tilgangi að auka aðsókn á fundinn.

Fundi slitið kl. 20:33.